

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 10. júní 2009, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Þorsteinn Finnbogason, Íris Róbertsdóttir, Ólafur Týr Guðjónsson, Magnús Sigurðsson, Hafsteinn Gunnarsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

- Skólafarið:** Frá síðasta fundi hefur það helst gerst, að próf og útskrift ásamt skólaslitum eru frá. Útskrifaðir voru 7 stúdentar, 2 sjúkraliðar, 5 skipstjórnarmenn (45 m réttindi) og 4 vélstjórar af 2. stigi. Útskrifaðir stúdentar eru þar með orðnir fleiri en 700.

Eins og fram hefur komið hóf skólinn formlegt samstarf við Fjölbrautarskóla Norðurlands Vestra, Menntaskólann á Ísafirði og Verkmenntaskóla Austurlands á önninni. Dagana 24. – 26. maí fór 10 manna hópur stjórnenda og kennara til fundar með samstarfsskólunum á Sauðárkróki og tókst sú ferð afskaplega vel. Fulltrúar skólans hafa einnig sótt fundi um niðurskurðar (sparnaðar) leiðir og aðalfundi félags framhaldsskóla og skólameistarafélags Íslands.

Á morgun lýkur auglýstri innritun og eftir það sjáum við nokkurn veginn hversu marga tíma þarf að kenna. Nú er stefnt að því að ná vikustundafjölda niður í ca 450, en á á haustönn 2008 voru vikustundir 510. Þetta gæti þá munað nærri 3 stöðugildum í kennslu. Lagt var fram yfirlit um innritaða nemendur 10. júní (innritun lýkur 11. júní), heildarfjöldi nemenda stefnir vel yfir 300 í haust.

Skólameistari fór yfir stöðuna varðandi hugsanlega íþróttakdemíu og viðræður um málið við ÍBV, sem honum og Magnúsi Sigurðssyni var falið að annast, á síðasta fundi. Viðræðurnar eru nú komnar í ákveðinn farveg. Á fundi með fulltrúum frá ÍBV (Páli Scheving og Magnúsi Bragasynti) var farið yfir grunnatriðin í "Selfossaðferðinni". Framhaldið verður þannig að við munum afla okkur nánari upplýsinga frá Selfossi og kanna hug ungmennanna innan ÍBV (sérstaklega handboltans í fyrstu lotu), til að sjá hvort hægt verður að gera fyrstu tilraun straks í haust með vísni að handboltaakademíu. Einnig er verið að skoða hugsanlega "leiðtoga" í verkefnið. Að öðru leyti vorum við sammála um að taka okkur tíma fram að áramótum til að undirbúa þetta vel og meta þá hvort verkefnið getur orðið að veruleika (en að því er stefnt). Viðræður allar voru á mjög jákvæðum nótum og lofa góðu. Nánari upplýsingar verða sendar út til skólanefndar eftir því sem málið þokast áfram.

- Ráðningur á starfsliði næsta ár:** Auglýstar voru tvær stöður kennara, sem ekki hafa kennsluréttindi. Það voru vélstjórn, rafmagnsfræði, málmsuða og málmsmíði (4x50%). Starfandi kennarar í þessum greinum Gísli Eiríksson og Þorbjörn Númason sækja báðir um endurráðningu og ein umsókn barst um málmgreinarnar, frá Brynjari Kristjánssyni, Laufengi 22. Ferilskrá hans lá fyrir á fundinum. Skólanefndin samþykkti tillögu skólameistara um að endurráða þá Gísla og Þorbjörn.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt, með lítilsháttar breytingu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 13:20 .

Ólafur H. Sigurjónsson